


FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Fréttir og félagsmál

Brautin uppávið er óendanleg. Og undirstöðulögmál er það, að því meiri fullkomnun, sem náð hefur verið, því fremur verður við hana bætt.

Helgi Pjeturss.



Útgefandi: Félag Nýalssinna.
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:
Ingvar Agnarsson.

HERÐUBREIÐ

Brot úr kvæðinu „Möðrudalur“

„Stuttir eru morgnar
í Möðrudal.“
Flýgur sól milli fjalla.
— Fyr en varir
ferðamanni
horfinn hálfur dagur.

— — —
Yfir fríða
fjallaþyrping
horfir Herðubreið,
hamrabeltuð,
himinljómuð,
sindruð sólarmistrum.

Dreymdi hana daga
dýrðarríka,
fyr en fólk vissi.
Ófu morgnar
meginbjartir
gull í grænum hlíðum.

Greru sóleyjar
sumarglaðar,
drifnar dökk og geislum.
Brosti Herðubreið
blómi hverju
eins og ástrík móðir.

Jón Magnússon (Bláskógar).

Fréttir af félagsstarfi

Félagsfundur 4. ágúst 1976.

Miðvikudaginn 4. ágúst, var haldinn almennur félagsfundur í Félagi Nýalssinna að Álfrólsvégi og hófst hann kl. 21.

Formaður Félags Nýalssinna, Kjartan Norðdahl setti fundinn og stjórnaði honum. Ingvar Agnarsson las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt andmælalaust.

ÖNNUR MÁL. *Kjartan Norðdahl* tók til máls og ræddi um félagsfundina og þátttöku í þeim, sem hann taldi að væri heldur léleg. Þeir hafa verið haldnir einu sinni í mánuði, eins og ráð er fyrir gert í lögum félagsins. Kjartan ræddi um húskaup í Reykjavík og mælti á þessa leið í því sambandi: „Ef ekki tekst að kaupa sæmilegt húsnæði í Reykjavík, hefur mér dottið í hug, hvort athugandi væri, að leita samstarfs við önnur félög, eins og t. d. Sálarrannsóknarfélag Íslands. Ég held að slíkt væri rétt. Þeir eiga margt sameiginlegt með okkur. Þeir eru t. d. farnir að nefna nafn Helga Pjeturss oftár en áður og farnir að meta hann meira en áður.

Guðmundur Einarsson hefu rátt tal við ýmsa Nýalssinna, m.a. Kjartan Kjartansson og rætt við hann um ýmis félög erlendis, sem hefðu sömu mál á stefnuskrá. Ævar Kvaran hefur í útvarps-erindi nýlega getið mjög lofsamlega um Helga Pjeturss og kenningar hans, og las þá kafla úr ritum hans. Stórkostlegar tilraunir eru nú gerðar, til að sanna tilveru lífs á öðrum hnöttum. Á Mars eru nú yfirstandandi slíkar tilraunir.“

Helgi Guðlaugsson tók undir orð Kjartans og mælti á þessa leið: „Ég hef ekki á móti samstarfi við önnur félög, t. d. í þeim tilgangi að komast sameiginlega yfir hentugt húsnæði. En við þurfum þá að athuga hvort við erum undirbúnir til slíks samstarfs.

Hvort sem við hugsum til samstarfs við önnur félög eða ekki, verðum við að hafa okmist yfir a. m. k. nokkrar milljónir, til að geta þar lagt okkar hltu fram. Við megum helst ekki vera þar neinn litlibróðir.

Starfsaðstöðu þarf að skapa og helst hef ég í huga aðstöðu til huglækninga.“

Porsteinn Guðjónsson tók vel undir þá tillögu að hefja samstarf við Sálarrannsóknarfélag Íslands. Þá gat hann þess, að nokkru áður en Helgi Pjeturss dó, hafi hann ákveðið að ganga í Sálarrannsóknarfélag Íslands, ef hann kæmist aftur á fætur. „Annað er að vera í samstarfi með öðrum, en að vera gestur annars.“

Atli Hraunfjörð tók undir það álit fyrri mælenda, að æskilegt væri að hefja samstarf við Sálarrannsóknarfélag Íslands. Þá ræddi hann um sölu á jarðarhlutum úr landi Grafar í Laugardal, til félagsmanna. Þarna gætu félagsmenn átt sumarbústaði og félagið e. t. v. sjálft byggt þar eigin skála til sambandsfundatilauna o. fl. Með slíkri sölu til félagsmanna mætti komast yfir nokkrar mliljónir. Og með því móti færi landið ekki úr eigu Nýalssinna.

Kjartan Norðdabl tók aftur til máls, og lét í ljós það álit að fé væri hægt að fá til húskaupa innan raða félaga í Félagi Nýalssinna. Helgi Pjeturss hefði alltaf metið mikils starf Sálarrannsóknarfélags Íslands og þann fróðleik sem þaðan hefði komið. En aftur á móti hefði þetta ekki verið gagnkvæmt, því sálarrannsóknarmenn, hefðu nær aldrei farið viðurkenningarorðum um Nýölsk málefni. — En ef þeir færu nú að verða jákvæðari í okkar garð þá væri vissulega ekki rétt af okkar hálfu, að slá þar hendinni á móti, heldur notfæra okkur, ef þar skyldu bjóðast nýir möguleikar.“

UPPLESTUR ÚR NÝAL. *Helgi Guðlaugsson* las fyrst upphaf ritgerðarinnar „*Stjörnujarðfræði*“ eftir Helga Pjeturss, og síðan annan kafla, aftur úr þeirri sömu ritgerð, um ósennileika lífs á Mars, og hvernig jörð okkar mundi líta út að lokum, ef lífið nær ekki a ðsigra hér. Og enn annan kafla las hann um mótspyrnuna gegn þekkingunni á jörð og stjörnum.

Atli Hraunfjörð las aftur upphaf ritgerðarinnar „*Stjörnujarðfræði*“, og reyndi að lesa hana á ljóðrænan hátt, vegna snilli málarsins sem er á upphafi þessa kafla hinnar merku ritgerðar.

Ingvar Agnarsson minntist á ritgerð, sem kom í Morgunblaðinu í dag, þann 4. ágúst, og er eftir dr. Trausta Einarsson. Er þar um að ræða skýringu eða tilgátu um myndun reikistjarna sólhverfis okkar og annarra sólhverfa, en um þau efni hefur lengi verið óvissa og skiptar skoðanir meðal stjörnufræðinga. Skýring Trausta er á þessa leið:

Sólstjörnur myndast úr afar víðáttumiklum geimskýjum þar sem

aðalefnið er vetni. Hundruð þúsundir sólna geta myndast úr einu slíku skýjaþykknri á sama geimsvæðinu. Verða flestar sólinnar af meðalstærð, en aðrar geisilega stórar og efnismiklar. Þróun efnisins í risastórum sólum gengur hratt fyrir sig vegna gífurlegs þrýstings og hita í iðrun þeirra. Þung efni myndast því á miklu skemmri tíma, en í meðalstórum sólum. En þessi þróun leiðir til þess að risasólin springa, og efni þeirra þeytast um nálægt geimsvæði. Þetta efni safnast í belti um meðalstórar sólinn geimsvæðisins, og er tímar líða fram safnast þetta geimefni í smærri eða stærri kúlur og verða að reikistjörnum og tunglum þeirra.

Þessi tilgáta skýrir hvers vegna reikistjörnur allar eru myndaðar að meirihluta úr þungum frumefnum, þar sem sólinnar aftur á móti eru að mestu gerðar úr vetni, sem er léttasta frumefni alheimsins. Þegar hinar bráðþroska risasólin springa leggja þær til sem efnivið hin þungu frumefni í jarðstjörnur hvers sólhverfis.

Þorsteinn Guðjónsson gat þess að þessi kenning hefði komið fram í bók eftir Fred Hoyle fyrir um 20 árum.

Kjartan Norðdahl ræddi enn um samvinnu við Sálarrannsóknarfélag Íslands, t.d. viðvíkjandi lækningum sjúkra manna.

Helgi Guðlaugsson mælti á þessa leið: „Ekki mætti slíkt samstarf leiða til endurskoðunarstefnu meðal Nýalssinna um þeirra skilning á tilverunni. Ég held að fyrst verðum við að geta sýnt einhverja eigin getu, áður en við förum að bjóða upp á slíka samvinnu.“

Kjartan Norðdahl mælti á þessa leið: „Á fundi í Keflavík spurðu Nýalssinnar sálarrannsóknarmenn, hvaða skýringu þeir hefðu á sýn Hafsteins Björnssonar, er hann sá tvær sólin á lofti í senn, og var önnur að koma upp en hin að setjast. Þeir (sálarrannsóknarmenn), áttu bággt með að koma öðrum skýringum við en þeim, að í þessu tilviki gæti verið um að ræða sýn frá öðrum hnötti.“

Pétur Gíslason kvaðst lesið hafa bókina „Miðilsdá og anda-stjórn“, sem þýdd er af Jakobi Smára. Í þeirri bók segir frá því hvernig hægt sé að þjálfa og ala upp miðla.

Kjartan Norðdahl sagði: „Því hefur verið spáð, að á þessu ári eða því næsta muni nást örugg sambönd við líf á öðrum hnöttum.“

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22,35. Fundinn sóttu 12 manns.

Ingvar Agnarsson, fundarritari.

Félagsfundur 1. september 1976.

Mættir voru 13 manns. Formaður setti fund stundvíslega kl. 21 og stjórnaði honum. Bað hann Helga Guðlaugsson að rita fundargerð vegna fjarveru ritara, sem boðað hafði óhjákvæmileg forföll. Afsömu ástæðum var fundargerð síðasta fundar ekki lesin í þetta sinn.

Fyrst voru tekin fyrir nokkur atriði varðandi félagsstarfið. *Helgi Guðlaugsson* sagði nokkur orð um störf húskaupanefndar. Skýrði hann svo frá að undirtektir alls þorra félagsmanna hefðu fram til þessa verið furðulega dræmar og raunar nær engar, að undanteknum örfáum sem strax á fyrsta mánuði söfnunarinnar hefðu brugðið við fljótt og vel, hefði þá safnast um ein milljón króna, en síðan ekki söguna meir. Ef þessi tilraun ætti ekki að mistakast og verða félaginu til skammar og skaða, yrðu félagsmenn almennt að hrista duglega af sér slenið á næstu mánuðum fram til áramóta.

Kjartan Norðdahl lét þess næst getið að sennilega myndi Kristleifur á Húsafelli innan skamms bjóða félaginu heugardvöl fyrir hóp manna í sumarhúsum í Húsafellsskógi. Var þessum tíðindum vel fagnað á fundinum og flestir viðstaddir lýstu sig reiðubúna til þátttöku í slíkri frö. Einnig minntist formaður á nauðsyn þess að keypt yrði ryksuga fyrir húsnæði félagsins. Lagði hann til að efnt yrði til samskota í þessu skyni. Hófust þau samskot þá þegar á fundinum og söfnuðust nokkur þúsund krónur.

Atli Hraunfjörð spurði hvort búið væri að þinglýsa skiptingu landspildna í Laugardal milli Félags Nýalssinna og Guðmundar Grímssonar. Þessu gat enginn viðstaddur svarað því þeir sem höfðu verið til þess fengnir á sínum tíma að gæta hagsmuna félagsins í þessu landskiptamáli öllu, voru ekki mættir á fundinum.

Þessu næst flutti *Kjartan Norðdahl* erindi um heimspeki Nýals og ástand og horfur á vorri jörð. Þykir ekki ástæða til að rekja hér efni erindisins þar eð fullvíst má telja að það muni áður en langt líður birtast á prenti. *Kjartan* lauk máli sínu með því að lesa úr Framnýal lokakafli ritgerðarinnar „Björgun mannkynsins“. Góður rómur var gerður að erindinu. Þessir tóku til máls um efni þess: Pétur Gíslason, Halldór Vigfússon og Pétur Ólafsson. Síðan hófst óformlegt spjall fundarmanna um erindi *Kjartans* og ýmis önnur mál og stóð sú umræða í svo sem 15—20 mínútur.

Að lokum úthlutaði formaður til allra fundarmanna allmörgum

vélrituðum spurningum um málefni Nýalssinna, sem hann hafði samið í orðastað andstæðinga og gagnrýnenda. Bað hann fundarmenn að íhuga vel þessar spurningar og spreyta sig á að svara þeim. Á næsta félagsfundi myndi þetta efni verða tekið til umræðu.

Með því að dagskráin var þá tæmd og ekki höfðu fleiri kvatt sér hljóðs sleit formaður fundi. Var þá klukkan langt gengin ellefu.

Helgi Guðlaugsson, fundarritari.

Félagsfundur 6. október 1976.

Fundinn sóttu 13 manns.

Helgi Guðlaugsson, varaformaður félagsins setti fundinn kl. 21.00, vegna fjarveru Kjartans Norðdahls.

Helgi Guðlaugsson las fundargerð frá 1. sept. s.l., en hann var fundarritari á þeim fundi. Var hún samþykkt án athugasemda.

Ingvar Agnarsson las fundargerð frá 4. ágúst s.l. og var hún samþykkt athugasemdalaust.

Inntökubeiðni í Félag Nýalssinna var lesin upp frá Ástu Davíðsdóttur Nýbýlavegi 16 Kópavogi, og var samþykkt af öllum fundargestum.

Gunnar Grímsson, gjaldkeri félagsins gat um innheimtur frá félagsmönnum og hafa 44 manns greitt félagsgjald, það sem af er þessu ári.

Gunnar minntist á söfnun til húskaupa. Inn er komið í þeim tilgangi kr. 1.120.000,00 og auk þess hefur verið lofað kr. 100.000,00.

Pórarinn Helgason, gerði grein fyrir því sem áunnist hefur í sambandi við tillögu þá, sem hann flutti á félagsfundi þann 9. júní s.l. Sendiráðum Bandaríkjanna og Rússlands hefur verið skrifað og málið skýrt að nokkru í þeim bréfum. Svar hefur borist frá sendiráði Bandaríkjanna, en enn ekki frá sendiráði Rússlands. Sendiráð Bandaríkjanna bendir á ýmsar stofnanir í Bandaríkjunum sem starfa að svipuðum málum. Við höfum ekki enn snúið okkur til þessara stofnana, en biðum enn eftir svari frá sendiráði Sovétríkjanna. Ætlunin var, að leita fjárstuðnings frá þessum tveim ríkjum, en áður en til þess kemur, verðum við sjálf að hafa undirbúið jarðveginn sem best.

Helgi Guðlaugsson ræddi um erindi Þórarins Helgasonar og lét í ljós þá skoðun að fyrst yrði einhver árangur að koma fram hjá okkur sjálfum, áður en við getum vænst þess, að fá stuðning frá öðrum löndum.

Helgi Guðlaugsson las upp spurningar, sem Kjartan Norðdahl lagði fram á síðasta fundi, þann 1. september. Spurningarnar eru samtals 30, og eru lagðar í munn andstöðumanni kenninga Nýals, og eiga að nokkru leyti að fjalla um andúð þeirra á Helga Pjeturss sjálfum og kenningum hans, en einnig varða þessar spurningar Félag Nýalssinna og skilning þeirra á kenningum Nýals.

Gunnar Grímsson ræddi um húsnæði, og kvað æskilegt að koma upp einskonar leshring, þar sem ræddar væru kenningar Helga Pjeturss frá ýmsum hliðum. Gunnar Grímsson ræddi síðan um fyrstu spurningar Kjartans Norðdahls og gerði grein fyrir skoðunum sínum á þeim, og svaraði hverri þeirra um sig á rökrænan hátt og þannig, að mjög væri til skilningsauka fyrir þá, sem lítt hafa kynnt sér kenningar Nýals, eða gert sér um þær og höfund þeirra alrangar hugmyndir. Gunnar taldi sig geta svarað öllum spurningum Kjartans, nema helst annarri spurningunni, sem var um Kaabersmál.

Þorsteinn Guðjónsson, Ingvar Agnarsson og Helgi Guðlaugsson ræddu þessi mál lítillega og þökkuðu Gunnari Grímssyni greinargóð og skynsamleg svör og skýringar.

Pétur Gíslason ræddi um rannsóknir Helga Pjeturss á sambands- eðli fyrirbæra lífsins, og kvað hina mestu nauðsyn á, að þar væri áfram haldið. Pétur fór einnig nokkuð út í skýringar á sinni eigin efnafræðilegu heimspeki, sem ýmsum gengur enn nokkuð erfiðlega að skilja til hlítar.

Þórarinn Helgason tók til máls. Hann kvað húsið hafa verið lagað vel til að innan, og sé nú félaginu til sóma, en öðru máli gegni um lóðina kringum húsið. Þar þurfi að gera á mikla breytingu til bóta. Þyrfti helst að malbika bílastæðið og ætti að hafa það í huga þegar farið yrði að malbika Álfhólsveginn. Ennfremur þyrfti að lagfæra norður- og austurhluta lóðarinnar, græða hana upp og setja niður tré innanvið girðingu. Þórarinn taldi að vel mætti gera þetta í sjálfboðavinnu. Mundu sjálfsagt einhverjir félagsmenn verða reiðubúnir til að leggja þar hönd að verki. Auk þess munu tveir garðyrkjufróðir menn vera í Kópavogi og trúlega mundu þeir verða fúsir eða fánlegir til að skipuleggja fegrun lóð-

arinnar. En allt þyrfti þetta að vera gert að frumkvæði stjórnar félagsins.

Síðan urðu nokkrar umræður um félagsgjöld og um lágmarksgjöld þeirra, sem litlar eða engar tekjur hafa. Til máls tóku Þórarinn Helgason, Þorsteinn Guðjónsson, Steingerður Þorsteinsdóttir og Helgi Guðlaugsson.

Þorsteinn Guðjónsson ræddi um 2. spurningu Kjartans Norðdahl sem fjallaði um ofsóknir Lúðvíks Kaabers á hendur Helga Pjeturss. Taldi Þorsteinn að þetta væri afar mikilvæg spurning, og þess eðlis, að rétt væri að formaður, Kjartan Norðdahl ræddi hana sjálfur á næsta fundi.

Ingvar Agnarsson flutti erindi er hann nefndi „Á Loch-Ness skrímslið heima á öðrum hnetti?“ Á eftir tóku til máls um þetta efni Helgi Guðlaugsson og Gunnar Grímsson.

Pétur Gíslason ræddi enn um kenningu sína í ljósi hins Nýalska skilnings. Hann sagði að áhrif frá hinni stóru sál, alheimssálinni rynni inn í allar verur jarðarinnar. Hann ræddi um útstreymiskenningu og um jarðlífssál, Vetrarbrautasál, og Yfirvetrarbrautar-sál, þessi lífsstig, sem taka við hvert öðru ofar.

Á fundinum gaf *Pétur Gíslason* félaginu „*Bókina um manninn*“ eftir dr. Fritz Kahn, útg. 1946, 884 bls. Er það mikil bók með fjölda mynda, og er það ekki fyrsta bókagjöfin, sem *Pétur* færir félaginu.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 23.00.

Ingvar Agnarsson, fundarritari.

HVERS VEGNA TRÚA MENN Á HEIM MEÐ ÓPEKKTRI VÍDD?

I.

Hugleiðing um tilveru með annarri efnistíðni.

Svo virðist sem óþarflega fastmótaðar séu skoðanir ykkar, er koma fram í „Lífgeislum“ (nr. 4) á því að fljúgandi diskar séu líkamningar frá öðrum hnöttum, er komi hingað hamförum. Nokkuð hef ég lesið um slík fyrirbæri, er mér virðist alls ekki benda til þess. T. d. um „Ófreskjuna í Hatoo í West-Virginia“, í september 1952. Frásögnin er í bókinni „Hulinn heimur“ bls. 35, og er eftirfarandi meginefni hennar:

„Fimm drengir í 300 manna þorpi sáu disklega hlut, sem gaf frá sér eldblossa í allar áttir, svífa yfir hæð ofan við bæinn. Diskurinn ruggaði, hægði ferðina og hvarf í runnana uppi á hæðinni, svo aðeins sást rauður bjarmi. Drengirnir hlupu heim til að segja frá því, að þeir hefðu séð fljúgandi disk lenda á hæðinni. Móðir eins drengsins, er hét Eddie May leit út fyrir þrábeiðni drengsins og sá blikkandi ljós á hæðinni. Hún sendi Eddie til nágretta þeirra Gene Lemon, er var í heimavarnarliðinu. Með vasaljós eitt að vopni fór Lemon af stað upp hæðina með frú May í eftirdragi, tvo syni hennar og tvo aðra unglunga, og rak hundur lestina.

Á leiðinni upp eftir, fundu þau einkennilega, mjög vonda lykt og rauði bjarminn varð sífellt skærari. Loks sáu þau á hæðinni í kjarrinu, kringlóttan, glampanði hlut, á að giska tuttugu og fimm fet í þvermál og sex fet á hæð. Þau stóðu svona 60 fet frá diskinum og stöðu á hann eins og dáleidd, þar til hundurinn fór að urra, þá sneru þau sér við og beindu vasaljósinu að runnanum hægra megin við þau. Frú May rak upp tryllingslegt óp, því í skininu frá vasaljósinu sáu þau höfuð og herðar ófreskju er virtist stærri en nokkur mannleg vera. Á höfðinu var græn hetta, sem endurkastaði ljósinu. Það hryllilegasta var andlitið á ófreskjunni, kringlótt, slétt og blóðrautt — augun voru skærgul og glóðu í birtunni. Ófreskjan hreyfði sig, þau sáu ekki hvernig, vegna runnanna, það heyrðist hvæsandi hljóð og hræðileg kæfandi lykt barst frá henni. Þau stóðu þarna öll, eins og lömuð af viðbjóði og hræðslu. Ekkert þeirra hreyfði sig, fyrr en hundurinn hljóp ýlfrandi niður brekkuna, þá hlupu þau öll eins og fætur toguðu, niður

í þorpið. Lögreglustjórinn og fulltrúinn voru ekki heima, en einhver hafði samband við Lee Stewart ritstjóra dagblaðsins í Broxton. Hann kom til Hatrood klukkustundu síðar, og reyndi að tala við frú May, en hún var enn viti sínu fjær af hræðslu og drengirnir höfðu fengið lost.

Eftir miklar fortölur fékkst Gene Leman til þess að fara upp á hæðina, með flokk vopnaðra manna, en þá var ófreskjan og farartækið á bak og burt. Ólyktin lá þó enn í loftinu og runnarnir voru bældir á stóru svæði þar sem diskurinn hafði legið.“

Mér sýnist þessi frásögn vera af fullkomlega efnislegum hlut, og svo mun um fleiri frásagnir af diskum í nálægð. Ekki er að undra þó útlínur þeirra virðist þokukenndar úr mikilli fjarlægð, þar sem sterkur ljósbjarmi virðist umlykja þá oftast, eða alltaf.

Það virðist talið stórt atriði, er bendi til að diskarnir séu líkamningar, skapaðir hér vegna lífgeislunar hamfara, frá öðrum hnöttum, að þeir ferðist ævinlega hljóðlaust. Og óeitanlega virðist mér mjög ósennilegt að diskurinn sem frá er skýrt hér að framman hafi ferðast þannig. Og minna má á það, að fólkið heyrði hvæsandi hljóð, jafnframt ólyktinni af mannverunni.

En gagnvart skynjunum okkar venjulegra manna, finnst mér ærið eftirtektarverðar, eftirfarandi setningar, teknar upp eftir bandarískum sálfræðingi og fyrirlesara, dr. Gina Cerminara úr bókinni „Svo sem maðurinn sáir“. — „Verkfærin sem vér höfum skapað með vorum óskeikulu skilningarvitum, hafa nefnilega snúið við blaðinu og sýnt oss, að þessi skilningstæki vor eru sjálf ófullkomín og engan vegin hæf til þess að sýna oss heiminn eins og hann er í raun og veru. Það hefur því heldur dregið úr oflæti voru, af því nú vitum vér, að vér reynum að skynja heiminn eins og í gegnum örþrönga síu. Skynjun vor á tíðni ljóssins gerir oss einungis fært að sjá örlítið brot af litrófi þess.

Með sama hætti nær hljóðskynjun vor ekki yfir nema þrönga áttund ef svo má að orði komast, af nótnabörði hljóðsins í alheimi. Til eru blístrur, kallaðar hundablístrur, sem hægt er að nota til að kalla á hundinn sinn, þótt eigandi hans geti ekkert heyrt í blístrunni, sökum þess að tíðni hljóðsins sem hún myndar er fyrir utan ýtrustu heyrnarmörk mannsins.

Til eru mörg önnur dýr, t. d. fuglar og skordýr, sem hafa næmari sjón, heyrn og ilman en vér. Niðurstaðan verður því sú að alheimurinn sé sitt af hverju, sem oss er fyrirmunað að skynja.“

Sé þetta rétt, og ég hef ekki þekkingu til að rengja það, þá sjáum við, að okkur er ekki hægt að fullyrða það, að diskarnir hreyfist hljóðlaust. Ef bygging þeirra er ekki af efnum þessa hnattar, er ekkert ósennilegt, að hávaði þeirra sé af þeirri hljóðtíðni að við greinum hann ekki, með okkar ófullkomnu heyrn. Svipað má segja um vansýni okkar á litróf alheimsins. Það kemur oft skýrt í ljós þegar skyggnt fólk fer *sálförum*, út fyrir okkar venjulega jarðlíf og sér inn í efnisheim annars lífsþáttar að það kann ekki að lýsa litadýrðinni sem ber fyrir augu hins *andlega líkama*, sem vísast er af allt annarri *tíðni* en efnislíkaminn, sem verður hér að dufti. Þó samvinna geti tekist milli þessara líkama takmarkaðan tíma. Svipuð reynsla mætir því fólki sem fær að skyggast bak við fortjald dauðans, en er kippt hingað aftur um stundarsakir, eins og til að gefa því tækifæri að skíra frá því, er fyrir það ber.

Var það nú ekki jafnvel þannig með fljúgandi diskinn sem frú Rasmussen í Danmörku sá, að hún gat ekki lýst litnum, af því hún hafði ekkert til samanburðar. Þessi ólýsanlegi litur og hljóðleysið, er tvennt, er mér virðist geta bent til þess, að diskarnir séu af *annarlegri efnistíðni*, en hnattarefni okkar eru, *þótt þeir séu fullkomlega efnislegir og engir líkamningar*.

Ekki finnst mér ósennilegt að slíkur *tíðnismismunur* í nálægð, geti valdið truflun á þann veg, er frúin áðurnefnda og bíllinn hennar urðu fyrir.

Vegna fjölmargra lýsinga á lífi annara hnatta, eins og hinu auðvelda svifi og léttleika líkamans, svo að jafnvel fótspor bæla ekki gróður, verð ég að álíta að *efnistíðni annarra hnatta* sé mjög mismunandi, eftir þroska lífsins á hverjum fyrir sig. Og meðal annars þess vegna álít ég ógerlegt fyrir okkur að dæma um fjölda byggðra hnatta, bæði í okkar sólhverfi og öðrum.

Páll H. Arnason

Vestmannaeyjum.

(Ath. Leturbreytingar einstakra orða og setninga eru mínar. — Ritstj.)

II.

Rök gegn tilvist heims með annarri efnistíðni eða óþektri vídd.

Frásögnin um *fljúgandi diska* í bókinni „*Hulinn heimur*“ er athyglisverð, og bendir að minni hyggu sterkt til þess, að þar hafi verið um efniskenndan hlut að ræða og efniskennda mannveru,

þótt ólík hafi verið okkur mönnum að útliti. Hvar mundu heimkynni slíks hlutar og slíkrar mannveru geta verið, ef ekki á einhverri annarri jarðstjörnu einhvers annars sólhverfis? Hvernig ætti slík vera og farartæki hennar að komast til jarðar okkar, um slíkar órafjarlægðir, sem í alheimi ríkjá, ef ekki fyrir hamfarir og myndun líkamnings hér?

Mér virðist út í bláinn að tala um aðra eða annarlega efnistíðni hluta í þessum efnisheimi okkar. Eðlisfræðingar tala ekki um efnistíðni hluta. Þeir tala aðeins um mismunandi bylgjutíðni og mismunandi geislun er hlutir í mismunandi ástandi senda frá sér. Og sami hluturinn sendir frá sér geislan eða bylgjur á mjög misjafnri tíðni, og á þetta einkum við ef hitastig hlutar er mjög hátt, eins og er t. d. um sólrnar í geimnum. Mannsaugað greinir aðeins þann hluta þessarar geislunar, sem ljós er kallað.

Þetta er í samræmi við alla þekktu efnis- og eðlisfræði, og annan efnisheim en hinn sýnilega og áþreifanlega vita vísindi nútímans ekki um. Spíritistar og ýmsir aðrir dulhyggjumenn gera ráð fyrir öðrum efnisheimi en þeim, sem við lifum í, og telja að sá heimur sé innan um og saman við okkar heim og sé hann af annarri *efnistíðni* og okkur því ósýnilegur og óáþreifanlegur. Ég held að okkur sé óhætt að gera ekki ráð fyrir tilvist þessa annarlega heims. Hann mun orðið hafa til aðeins sem skýringartilraun meðan ekki var betur vitað, á atburðum, sem eiga sér stað í hinum þekktu heimi okkar, og sem hægt er að skýra út frá þekktum lögmálum þessa heims okkar, án þess að búa til annan óþekktan heim.

Frásögnin um fljúgandi diskinn og veruna hræðilegu, sem svo mikinn ódaun lagði af, finnst mér ekki benda til neinnar annar *efnistíðni* en við hér þekkjum. Allir viðstaddir fundu ólyktina og sáu hlutinn og mannveruna, bæði hundurinn og mennirnir.

Hitt er svo annað mál, að heimsókn slíkra vera sem þessara til jarðar okkar munu ekki vera æskilegar. Framkoma líkamninga (mannvera frá öðrum hnöttum) sem valda ótta og skelfingu, er það sem ekki ætti að gerast. — Við óskum eftir, að aðeins birtist hér verur, sem eru fagrar og velviljaðar, og sem gætu veitt okkur mönnum aðstoð og aukna lífmagnan í erfiðleikum okkar. En líf-aflsvæði jarðar okkar mótast fyrst og fremst af hugsun og innræti sjálfra okkar, og þetta aflsvæði þarf að taka þeim framförum, að aðeins gæti hér áhrifa frá lengra komnum vinum annars staðar í alheimi.

Páll Árnason getur um lýsingar frá lífi á öðrum hnöttum, þar sem svif er auðvelt og léttleiki líkamans slíkur, að jafnvel gróður bælist ekki, þótt gengið sé yfir hann, og álitur þess vegna, að „*efnistíðni* annarra hnatta sé mjög mismunandi eftir þroska lífsins á hverjum fyrir sig.“ Þessar frásagnir eru mjög athyglisverðar, en benda ekki til þess, að um neinskonar aðra *efnistíðni* sé að ræða, heldur til þess, að íbúarnir á þeim stöðum, njóti svo mikillar lífmagnanar frá æðri og máttugri lífstöðvum, sem og vegna eigin samstillingar, að þeim verði auðvelt að svífa. (Samanber svif í draumi, sem mjög er algengt, en þar mun vera um sambandskynjun að ræða við lífmagnaðri veru, en við erum sjálf).

Svif er annars ekki með öllu óþekkt fyrirbæri hér á jörðu. Á miðilsfundum hefur það stundum gerst, að menn hafa lyfst upp og svifið í lofti, og einnig hafa hlutir lyfst og hreyfst úr stað, án þess að mannlegar hendur hafi verið þar að verki. Varla mun hægt að tala um aðra *efnistíðni* hlutanna, þegar svo vill til, heldur mun tilgeislandi kraftur frá lengra komnum verum annars hnattar hafa náð að koma sér hér við, svo að fyrirbæri sem þessi hafa getað átt sér stað.

Sá allsherjar misskilningur virðist ríkja meðal ýmissa dulrænumanna, að mismunandi heimar séu byggðir upp af mismunandi tíðni, og sé léttleiki þeirra því meiri, sem meiri þroska er náð.

Skyldu menn vel athuga, að efnið hefur enga mismunandi tíðni, heldur er það aðeins geislunin og bylgjuhreyfingin sem frá efni stafar sem hefur mismunandi tíðni. Hin mismunandi geislun er ekki sjálfstætt fyrirbæri, því öll geislun stafar af samkynja efni. Lífverur lifa ekki í heimi, sem gerður er af geislum eða bylgjum einum saman. Þær lifa í heimi af efni gerðum, en verða aðeins fyrir þeim geislum, sem frá efni stafar.

Svo að auki, og er það aðalatriði, njóta allar lífverur lífgeislunar, frá öllum öðrum lífverum alheimsins. Þar er um að ræða *hið mikla samband* lífsins í alheimi, sem dr. Helgi Pjeturss talar um. En allt líf mun heima eiga í samkynja veröld á óteljandi stjörnum efnisheimsins. Einn er heimurinn, einn er efniskipan hans, þótt vistarverur séu margar. En þótt efnisheimurinn sé einn og samkynja um alla veröld, þá mun hann samt bjóða upp á óendanlega þroskamöguleika, og óendanlega fjölbreytni lífsins.

Mannlegt eyra skynjar aðeins lítinn hluta þeirra hljóða, sem frá hlutum stafa. Hljóðbylgjur hafa mjög lága og mjög háa tíðni, og allt þar á milli. Engum mundi þó víst detta í hug að tala um

mismunandi heima eða tilverusvið, þar sem misháir tónar einir saman væru ráðandi, eða væru þeir aðaluppistaðan í þeim heimum.

Þó væri þetta víst ekkert fráleitara en að tala um heima, byggða upp að mismunandi geislun eða bylgjutíðni sem frá efni stafar, því hvorugt mun eiga sér stað í raunveruleikanum.

Efnisheimurinn er allur byggður upp af samkynja efni, og öll ölduhreyfing og öll tíðni hvort heldur er í formi ljóss, rafmagns, segulmagns eða hljóðs, er aðeins verkanir efnisins, eins konar útsendarar eða boðberar efnisins, þar sem það gefur til kynna ástand sitt á hverjum tíma, svo sem hitastig, efnisinnihald, þéttleika, tegundir frumeinda o. s. frv.

Samtímis því að hið lífræna efni sendir frá sér sína boðbera til að gefa til kynna ástand sitt, eru þeir einnig tilraun efnisins til að koma sínu lagi á aðra hluta efnisheimsins.

Á hliðstæðan hátt stafar geislun frá öllum lifandi verum. Þessi geislun gefur til kynna ástand lífveranna, og jafnframt leitast þær við, sjálfrátt og ósjálfrátt að setja sinn snúð á allar aðrar lífverur. Svo sem geislan frá lífvana efni er mjög mismunandi og margþætt, þá er þó geislanin frá hinum lifandi verum ennþá margbreytilegri og áhrifin enn sundurleitari. Allt að því óendanlegur mismunur á geislan og áhrifum hennar mun t. d. vera frá geislan þeirri er stafar frá illum verum í vítum sumra hnatta og svo lífgeislan þeirra er berst frá guðlegum verum í alsamstilltum lífheimum sumra annarra hnatta og annarra vetrarbrauta.

Okkur jarðarbúum er mikil þörf á að njóta sem nánasts sambands við þessar háþroskaverur. Því aðeins þaðan er að vænta þeirrar hjálpar, sem duga mundi til að breyta hér um lífstefnu, svo komist yrði á leið sannrar farsældar.

Ingvar Agnarsson.

MINNINGARORÐ

Guðlaug P. Guðlaugsdóttir

Guðlaug P. Guðlaugsdóttir úr Árneshreppi á Ströndum andaðist í Heilsuverndarstöðinni 7. nóvember 1976 nærri 88 ára að aldri, og hafði hún verið þar um það bil 1½ ár. — Það er ekki alveg án samviskubits eða einhvers slíks, sem ég sest niður til að koma á blað hugsunum mínum um hana, því að satt að segja hafði ég vanrækt það nokkuð lengi að koma til hennar, og átti hún þó annað betra skilið. Því Guðlaug var ein þeirra manna sem síst vanrækja skyldur sínar við aðra og við hvaðeina sem hún taldi sér skylt að rækja.

Ég sá Guðlaugu fyrst á Nýalssinnafundi á Hverfisgötu 23 (prentarafélagshúsinu), líklega árið 1966. Rætt var um drauma, og fór Guðlaug að taka þátt í þeim umræðum og sagði hún drauma sína með skýrum og vel völdum orðum. Tók ég svo eftir að þarna væri skýr hugsun á ferð og mjög í Nýalsátt. Öðru tók ég einnig eftir, en það var góðvild sú og birta sem lýsti sér í svip hennar, og flaug mér í hug að gott mundi hljóta af þessari konu fyrir félag okkar, þó að ekki hugsaði ég það neitt nánar á hvern hátt. En sú varð líka raunin á, að þegar ráðist var í að koma félaginu upp eignarhúsnæði að Álfhólsvegi 121, varð Guðlaug einn af stærstu gefendum til þeirrar framkvæmdar. Ár eftir ár dró hún saman aura sína til þess að leggja í þessa framkvæmd, og voru þó tekjurnar og efnin áreiðanlega ekki mikil, og hún þurfti jafnframt að annast mann sinn blindan. En það er eins og þeim sem er það fullkomlega alvara að styðja eitthvað það sem þeir hafa traust á, verði alltaf eitthvað til ráða, þó að ástæður þeirra séu ekki of ríflegar. Og það var einmitt þessi alvara, sem Guðlaug átti.

Guðlaug var tíður gestur á fundunum að Laugavegi 24 (árin 1967—69) meðal annars til þess að leita sér og öðrum lækninga, og í því sambandi á ég dálítið sérstæða endurminningu um hana. — Ég hafði auðvitað lesið og heyrt margar frásagnir af lækninga-

fyrirbærum þar sem ekki aðeins fæst lækning, heldur sjást beinlínis ummerki á líkama hins læknaða eftir lækninguna „að handan.“ Ég hafði séð slík merki á manni, sem gömul voru orðin, en aldrei orðið vottur að því að slíkt kæmi fram. Nú var fundur með allmörgu fólki, og var Sigurrós í horninu, en Guðlaug kom í seinna lagi og var nærri dyrum. Þegar upp var staðið, segir Guðlaug, að sér hafi verið gefin sprauta þarna á fundinum. Ég fékk að skoða ummerkin á handlegg hennar, og ég gat ekki verið í vafa um, að þarna var nýleg stunga.

Eins og vænta mátti, þá tók Guðlaug, eftir að áhugi hennar á Nýal var vaknaður, málefni hans ekki neinum lausatökum. Hún las Nýalana alla spjaldanna á milli og aftur og aftur. Hún hugsaði vel um það sem hún las. Og þar kem ég nú að einu því sem mér þykir merkilegast að minnst um hana. Guðlaug hafði verið, og var sjálfsagt til æviloka, trúkona, — treysti á forsjón og stuðning frá því sem mannlegu lífi er æðra. Og næsta ánægjulegt var nú að taka eftir því hvernig slík kona brást við boðskap sem miðar að því að koma skynseminni við gagnvart slíkum efnunum. Hún tók þennan nýja boðskap algerlega til greina, skildi að þarna var sannleikurinn sagður, og lét sér ekki til hugar koma að ekki megi hafa það sem sannara reynist. Hún minntist eitthvað á þessi efni við mig, eða þau bárust í tal, og talaði hún um þau í léttum og glaðværum anda, en með engum áhyggjuþunga. Og áhyggjulaus mun hún hafa horfið héðan af jörð, á vit eiginmanns síns og vandafélks á annarri jörð — því að hún vissi hvað við tók.

Þorsteinn Guðjónsson.

Til félaga í Félagi Nýalssinna vegna Lífgeisla.

Um leið og við sendum til ykkar þetta blað, sem er nr. 53, viljum við hvetja ykkur öll til að leggja ykkur fram um að afla LÍFGEISLUM sem flestra nýrra áskrifenda. Undir fjölda áskrifenda er fjárhagsafkoma og þar með útkoma blaðsins komin.

Nýlega voru gíróseðlar sendir til félagsmanna, og hafa mjög margir orðið til að senda greiðslu og hafa þar með gerst sérstakir áskrifendur að LÍFGEISLUM.

Enn hafa þó nokkrir félagsmenn, sem gíróseðlar voru sendir til, ekki sent greiðslu. Væri ánægjulegt ef þeir sæju sér fært, að inna þetta gjald af hendi, áður en á löngu líður.

Kæru félagar. Með því að þið gerist sérstakir áskrifendur LÍFGEISLA, styrkið þið einn þáttinn í starfsemi félags okkar, sem er sá, að kynna Nýalsstefnuna meðal sem flestra, en það er eitt af því, sem telja má mjög mikilvægt.

F.b. Félags Nýalssinna,

Ingvar Agnarsson.

Nýútkomin bók

Út er komin fjórða bók Þorsteins Jónssonar á Úlfsstöðum: „DRAUMAR OG SVEFN“. Bókin er 84 bls. í Nýalsbroti.

Til þess að gefa mönnum nokkra innsýn í efni bókarinnar, skulu hér taldar kaflafyrirsagnir:

Merkileg draumlífun og sýn til þess, sem verða má (þýðing)
Draumar og svefn
Hvað dreymdi þig í nótt?
Er mark að draumum?
Sandreymi tveggja
Endurtekning drauma
Mótunarvald minninganna
Ótvíræð dæmi
Þrír draumar
Koffortslykillinn
Ekki „yfirskilvitlegt“
Hið skiljanlega og hið óskiljanlega
Árétting
Góð athugun
Undirvitundar- eða sambandsskýring
Í hverju skyggni er falin
Sambandsskyn en ekki sálfarir
Um gamla athugun
Lítill athugun
Eftirtektarvert dæmi
Svefn og dauði
Flug
Sýn til annarra jarða
Kraftur frá stjörnunum
Skrifað í dagbók — að kvöldi 24. janúar 1973.
Eftirmáli

Bókin kostar kr. 700,00 og er til sölu hjá

FÉLAGI NÝALSSINNA

Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.

Skriflegar pantanir má einnig senda í Pósthólf 1159, Reykjavík.

EFNISYFIRLIT

Herðubreið, eftir J.M. (Sjá forsíðumynd) Bls. 78

FRÉTTIR AF FÉLAGSSTARFI:

Félagsfundur 4. ágúst 1976. — 79

Rætt um fjáröflun til húskaupa.

Lesið úr Nýal.

Félagsfundur 1. september 1976 — 82

Flutt erindi um heimspeki Nýals.

Lagðar fram spurningar um ýmis atriði Nýalsmála.

Félagsfundur 6. október 1976 — 83

Rætt um stofnun leshrings um Nýalsmál.

Rætt um lagfæringu lóðar kringum stöðina.

HVERS VEGNA TRÚA MENN Á HEIM MEÐ ÓÞEKKTRI VÍDD?

Hugleiðing um tilveru með annarri efnistíðni P.H.Á. — 86

Rök gegn tilvist heims með annarri efnistíðni eða óþekkttri vídd I.A. — 88

MINNINGARORÐ:

Guðlaug P. Guðlaugsdóttir — 92

Til félaga í Félagi Nýalssinna vegna Lífgeisla — 94

Stjörnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar
kl. 9 e.h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.